

Haförninn í hundrað ár

– fræðsluerindi í Grundarfirði

Þriðjudagskvöldið 18. mars kl. 20 mun Kristinn Haukur Skarphéðinsson, fuglafræðingur á Náttúrufræðistofnun Íslands, halda fræðsluerindi um haförninn.

Ernir voru útbreiddir varpfuglar hér á landi fram á seinni hluta 19. aldar en þá fækkaði þeim mikið vegna ofsókna og eiturútburðar. Meginbúsvæði þeirra eru fjörur og grunnsævi og hafa helstu heimkynni þeirra því ávallt verið við Breiðafjörð. Árið 1913 samþykkti Alþingi að friða erni og tóku þau lög gildi í ársbyrjun 1914. Þeim hélt þó áfram að fækka og um hálfrar aldar skeið var stofninn afar faliðaður eða 20-25 pör. Örnnum fór ekki að fjölga á ný fyrr en á sjöunda áratug síðustu aldar í kjölfar þess að bannað var að bera út eitur fyrir refi. Þeim hefur fjölgað jafnt og þétt síðan og telur stofninn nú um 70 pör. Í erindinu verður sagt frá þeim merku tímamótum þegar Íslendingar friðuðu örninn fyrstir þjóða, rakin verður saga stofnsins og rætt um stöðu hans í dag.

Erindið, sem haldið er á vegum **Náttúrustofu Vesturlands** og **Náttúrufræðistofnunar Íslands**, verður í **menningarmiðstöðinni**, Grundargötu 35 í Grundarfirði.

Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

